



Alþingi
Erindi nr. P 138/2960
komudagur 16.7.2010

ÍSAFJARÐARBÆR

Samgöngunefnd Alþingis,
skrifstofu Alþingis,
150 Reykjavík.

Ísafirði, 16. júlí 2010.

Efni: Samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um samgöngumál á Vestfjörðum.

Á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 1. júlí sl., var svohljóðandi tillaga að bókun samþykkt, til stuðnings við frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðarvegi nr. 60.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar vekur athygli á framkomnu frumvarpi til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi nr. 60. Bæjarstjórn lýsir sig sammála því sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins þar sem segir:


„Brýnasta verkefnið í vegamálum á Íslandi, vegagerð um Vestfjarðaveg, er í fullkomnu uppnámi og hefur svo verið um árabíl. Þetta er ekki sökum fjárskorts.

Á síðustu samgönguáætlun, sem gildi frá 2007 til 2010, var verulegu fjármagni, alls um 3 milljörðum kr., veitt til framkvæmda á leiðinni Svínadalur – Flókalundur.

Í tillögu til þingsályktunar um nýja samgönguáætlun (2009–2012), sem liggur fyrir þinginu, er áhersla á vegagerð á þessu svæði, sem nær frá Þorskafirði að Þverá í Kjálkafirði.“

Bæjarstjórn telur að með samþykkt þessa frumvarps verði stigið bráðnauðsynlegt og óhjákvæmilegt framfaraskref í samgöngumálum á sunnaverðum Vestfjörðum, þar sem jafnframt er tekið tillit til náttúrverndarsjónarmiða. Bæjarstjórn skorar á þingheim að fylkja sér að baki þessa mikilvæga samgöngumáls.

Bókun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

Þorleifur Pálsson
- bæjarritari -

Samhljóða bréf sent
Einari Kristni Guðfinnssyni, alþingismanni.
Afrít send:
Reykholahreppi, Tálknafjarðarhreppi og Vesturbyggð.



Alþingi
Erindi nr. P 138/2961
komudagur 22. 7. 2010

Táknafjörður

Miðtúni 1, 460 Táknafirði, kt. 640269-6779, Sími 456-2539. Bréfsími 456-2589

Skrifstofa Alþingis
Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík

Táknafirði, 22. júlí 2010
1007061 EIS

Efni: Bókun um stuðning við frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi nr. 60

Á 419.fundi hreppsnefndar Táknafjarðarhrepps þann 20.júlí s.l. var tekin fyrir samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um samgöngumál á Vestfjörðum og var eftirfarandi samþykkt:

" Hreppsnefnd Táknafjarðarhrepps tekur undir bókun Ísafjarðarbæjar þar sem lýst er yfir stuðningi við frumvarp til laga um uppbyggingu á Vestfjarðavegi nr. 60. Hreppsnefnd minnir á fjölmennan íbúafund á Patreksfirði þann 11. maí 2010, þar sem þingmenn blésu íbúum þá von í brjóst að kominn væri fullur stuðningur þingmanna NV kjördæmis um að beita sér fyrir því að hin svokallaða B-leið um Gufudalssveit verði að veruleika. Mikilvægt er að draga fram að í frumvarpinu er tekið fullt tillit til náttúruverndarsjónarmiða sbr. dómur Hæstaréttar nr. 671/2008 þar sem dómurinn fellst á þau sex skilyrði sem umhverfisráðherra setti fram í úrskurði sínum 6.janúar 2007, og heimilar veglagningu í Gufudalssveit. Verður því að ætla að um þetta frumvarp geti orðið breið samstaða."

Bókun hreppsnefndar Táknafjarðarhrepps er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,


Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Afrit sent : Þingmönnum NV-kjördæmis, Vesturbyggð,
Reykholahrepp, Fjórðungssamband Vestfirðinga



VESTURBYGGÐ

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2962
komudagur 27. 7. 2010

Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Skrifstofa Alþingis
Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Patreksfirði, 27. júlí 2010
1007073 PS

Efni: Stuðningur við frumvarp til laga um uppbyggingu Vestfjarðarveggar nr. 60

Á 577. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar þriðjudaginn 27. júlí 2010 var tekið fyrir samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar frá 1. júlí sl. um Vestfjarðaveg nr. 60. Þetta var bókað:

”Lagt fram afrit bréfs dags. 16. júlí sl. frá Ísafjarðarbæ til Samgöngunefndar Alþingis þar sem greint er frá samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um samgöngumál á Vestfjörðum.

Bæjarráð Vesturbyggðar tekur undir samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar sem og bókun Tálknafjarðarhrepps frá 20. júlí sl. hvað varðar stuðning við frumvarp til laga um uppbyggingu Vestfjarðavegar nr. 60.

Bæjarráð Vesturbyggðar lýsir yfir eindregnum stuðningi við frumvarpið og bendir jafnframt á að suðursvæði Vestfjarða er sá landshluti sem býr við einna vanþróaðasta vegakerfi landsins. Afstaða íbúa Vesturbyggðar um að hin svokallaða leið B, láglendisvegur, verði farin, hefur komið afar skýrt fram, meðal annars á fjölmönnum íbúafundi þann 11. maí 2010. Bæjarráð Vesturbyggðar fer fram á að þeirri óvissu sem ríkt hefur um löngu tímabærar samgöngubætur verði eytt og að höggvið verði á þann hnút sem svo rækilega hefur bundið suðursvæði Vestfjarða í fjötra fortíðar. Uppbygging samgöngubóta fyrir samfélag og atvinnulíf á svæðinu er málefni sem þolir enga bið og er því afar brýnt að breið samstaða verði um þetta frumvarp.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Þórir Sveinsson, skrifstofustjóri.

Afrit: Þingmönnum NV-kjördæmis, Ísafjarðarbæ, Tálknafjarðarhreppi, Reykhólahreppi, Fjórðungssambandi Vestfirðinga.